

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps.

Með vísan til 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 28. desember 2001 staðfest sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps í eitt sveitarfélag, í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var á grundvelli 89. gr. sömu laga og að fenginni umsögn sveitarstjórna viðkomandi sveitarfélaga.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum sem fram fara 25. maí 2002.

Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land, sem nú tilheyrir áðurgreindum sveitarfélögum.

Íbúar sveitarfélaganna tveggja skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur, sem tilheyra sveitarfélögunum tveimur skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 25. maí 2002, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjóra skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar tvær ákveða fjölda kjördeilda og kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum fer fram atkvæðagreiðsla um nafn hins nýja sveitarfélags samkvæmt tillögu nefndar sem sveitarstjórnirnar skipa. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega, að fenginni staðfestingu ráðuneytisins.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. desember 2001.*

**Páll Pétursson.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir Búnaðarsamband Suðurlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur og auk þess er:

a. Gjald af hverri sæddri skýrslufærðri kú kr. 1.500.

b. Gjald af hverri sæddri óskýrslufærðri kúkr. 1.700.

Gjaldið er óháð fjölda sæðinga.

## 2. gr.

Gjald fyrir ýmsa vinnu eða sérhæfðar einstaklingsleiðbeiningar. Fyrir vinnu við ómsjarmælingar lamba, áætlanagerð (rekstur, áburður og fóður), skurðamælingar og fleiri verk efni sem undir lögin falla er:

Gjald kr. 3.000 á klst.

## 3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. og 2. gr.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er að fenginni umsögn Bændsamtaka Íslands og með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Suðurlands nr. 519/2000.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. desember 2001.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Djúpavogshreppi árið 2002.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu um sorphirðu í Djúpavogshreppi frá 30. júní 1999, ákvað sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi sínum þann 6. desember sl. að gjald fyrir sorphreinsun fyrir árið 2002 verði kr. 6.000 pr./tunnu og sorpeyðingargjald kr. 5.000 pr./tunnu.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

*Djúpavogi, 12. desember 2001.*

**Ólafur Ragnarsson** sveitarstjóri.